

## **„Vandamálin” í umferðinni eru ekki ný af nálinni. Eftirfarandi umfjöllun birtist í Bergmáli í Vísi 12. september 1946.**

### **Umferðarmálin.**

Í sambandi við umferðarmálin, sem nú eru ofarlega á baugi hjá bæjarbúum, hefur Erlingur Pálsson yfirlögregluþjónn, tjáð Bergmáli, að gangandi fólk á götunum breyti margsinnis þveröfugt við bendingar lögreglumanna þeirra er stjórna umferðinni. Stafi þetta annað hvort af því, að fólk skilji ekki bendingar lögreglunnar – hafi ekki lagt á sig hið „mikla” erfiði, sem í því er fólgið að kynna sér þær – eða það taki yfirleitt hreint ekkert tillit til þeirra.

### **Of fljótt eða of seint.**

Það er einkenni þessara vegfarenda, að þeir fara ýmist út á gangbrautirnar, meðan umferð farartækja er í fullum gangi þvert yfir þær eða þá að það býður við gangbrautirnar, meðan ætlast er til þess að gangandi fólk fari eftir þeim milli gangstéttanna. Slíkt athæfi leiðir auðvitað af sér truflun á umferðinni og stórauðna slyshættu og einnig, að lögreglan verður oft að hafa vörð á hverri gangbraut umhverfis krossgötu, til þess að knýja hina gangandi vegfarendur til að breyta samkvæmt settum reglum.

### **Áminningar og sektir.**

Venjulega hefur lögreglan látið nægja áminningar á staðnum við þessum brotum, en erlendis er sektum beitt, þegar menn gera sig brotlega á þennan hátt. Tíðkast í því sambandi sums staðar, að hinn brotlegi verður að greiða sektina þegar, fær ekki að halda áfram göngu sinni að öðrum kosti. Er vissulega óskandi að lögreglan hér þyrfti ekki að taka upp slíkar aðferðir og bæjarbúar hafa það í hendi sér hvort hún neyðist til þess.

### **Hættuleg horn.**

Í þessu sambandi er rétt að láta fylgja með ábendingu frá Hringbrautarbúa, sem bendir á það, hversu hættulegt horn Hringbrautar og Hofsvallagötu er nú orðið og hefir raunar verið lengi. Þessi bæjarbúi, sem býr skammt frá þessum gatnamótum, skorar á lögregluna, að hafa þarna jafnan lögregluvörð, til þess að koma í veg fyrir þau brot á umferðarreglum sem þar eru nú framin daglega og oft á dag.

### **Ökuníðingar.**

Á þessum gatnamótum ætti lögreglan að geta haft hendur í hári flestra ökuníðinga bæjarins, því þarna leika þeir listir sínar myrkranna á milli – og jafnvel lengur. Hvað eftir annað verða árekstrar þarna, þótt oftast hljóttist af minni slys en orðið gætu og á hálf tíma fresti má heyra hvína í bílagúmmium, þegar bílstjórar sem aka með ofsahraða, sjá allt í einu að þeir eru að lenda í árekstri og verða að hemla til að þess að fara ekki sér og öðrum að voða.

### **Í fyrradag.**

Sögumaður Bergmáls varð síðast vottur að því í fyrradag að við slysi lá á þessum gatnamótum. Bílar komu akandi úr tveim áttum, annar á allt að 60 km. hraða. Þegar hann sá hinn varð hann að sveigja svo snögglega, að við lá, að hann æki á tveimur hjólum, en litlu munaði, að hinn keyrði á hann, þótt „kappakstursmaðurinn” léki þessa kúnt. Fleiri dæmi mætti nefna um það, hve hættulegt þetta horn er og væri ekki úr vegi, að lögreglan hefði auga með því.

### **Íslenska sé töluð.**

Í tilefni af Danablaðinu í blaðinu í gær hefur „E.P.” sent Bergmáli eftirfarandi klausu: Þegar Íslendingur er ráðinn til starfa í Danmörku, verður hann að tala dönsku. Því er ekki sama regla látin gilda hér, að þegar Dani er ráðinn til starfa, þar sem hann hefir afgreiðslu með höndum – t.d. sem þjónn eða þ.u.l. – þá verði hann að tala íslensku? Það ætti að vera sjálfsögð krafa til slíkra manna.